

Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna bílstjóra borgarstjóra

Á fundi borgarráðs þann 5. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hver er árlegur kostnaður þess að borgarstjóri haldi úti einkabílstjóra?

Svar:

Starf bílstjóra á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara felur í sér akstur fyrir borgastjóra sem og önnur verkefni á vegum skrifstofunnar, til að mynda daglegan akstur vegna boðsendinga og póstsendinga innan og utan kerfis. Innan borgar má helst nefna reglulegan akstur fyrir Barnavernd Reykjavíkur, allar þjónustumiðstöðvar borgarinnar, embætti borgarlögmans, gjaldkera Reykjavíkurborgar sem og Ráðhúsið allt. Starfsmaðurinn ber ábyrgð á og hefur umsjón með bifreiðinni, keyrir með erindi fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem og hann sinnir ýmsum innkaupum og sendiferðum fyrir skrifstofuna. Auk þess aðstoðar hann við borgarstjórnarfundum og sinnir ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum.

Ekki er haldið sérstaklega utan um ferðir borgarstjóra og þar af leiðandi ekki hægt að setja fram nákvæmar upplýsingar um kostnað vegna aksturs hans, þar sem það er hluti af starfsskyldum bílstjóra, umfangið er breytilegt dag frá degi og ekki er haldið úti verkbókhaldi hjá starfsmönnum skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Dagur B. Eggertsson

